

Hlutlaus skráning kyns

Lög nr. 80/2019

25. febrúar 2021

Svandís Anna Sigurðardóttir



Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Lög um kynrænt sjálfræði

- Tóku gildi í júlí 2019
- 18 mánaða frestur til að laga skráningarform, eyðublöð, skilríki og þess háttar til að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns

- 6. gr.:

Opinberum aðilum og einkaaðilum sem skrásetja kyn ber að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns, t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum, og skal skráningin táknuð á óbyggjandi hátt.



Áminningar og fyrirspurnir

- 10. apríl 2019 Bréf frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sent á svið Reykjavíkurborgar, frumvarpið nefnt sem og hlutlaus skráning kyns
- 07. júlí 2020 Birtist grein á visir.is skrifuð af formönnum Trans Íslands og Samtakanna 78 að benda á lagabreytinguna og leiðbeiningar um útfærslu
- 28. september 2020 Áminning send frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með vísan í bréfið frá apríl 2019 og bent á leiðbeiningar Samtakanna 78 og Trans Íslands
- Nóvember og desember 2020 og febrúar 2021 Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samskiptum við starfsfólk upplýsinga- og gagnadeild ar sem sér um mannauðs- og launakerfi
- 16. desember 2020 Þjóðskrá birtir upplýsingar á vefsíðu sinni um hvenær breytingarnar taka gildi hjá sér og hvaða útfærsla verður notuð
- 10. febrúar 2021 Sendir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa póst á sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunarsviðs sem kemur fyrirspurninni áleiðis innan sviðsins
- 17. febrúar 2021 Sendir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa póst á sviðsstjóra VEL, USK, ITR, MOS, MOF, SFS, Fjármála- og áhættustýringarsviðs og á innri endurskoðun að minna á 6. gr. laga um kynrænt sjálfræði og óskar eftir upplýsingum um stöðuna á kerfum og eyðublöðum sem starfstaðir nota



Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svör

- 28. maí 2019 Skóla- og frístundasvið svarar um yfirferð eyðublaða og áframhaldandi vinnu
- 28. september 2020 Velferðarsvið svarar og segist aldrei spyrja um kyn
- 2. október 2020 Menningar- og ferðamálasvið hefur yfirfarið eyðublöð og þar sem er spurt um kyn séu þrjú möguleikar
- nóvember, desember 2020 og febrúar 2021 Mannauðs- og launakerfið og starfsumsóknarkerfið komin með þrjú möguleika í kynskráningu
- 18. febrúar 2021 Sérfræðingur á Þjónustu- og nýsköpunarsviði er að yfirfara stöðuna, svör væntanleg
- 18. febrúar 2021 Upplýsingar frá Skóla- og frístundasviði um að sum kerfi hafi tekið breytingum, önnur í vinnslu og sum á eftir að skoða nánar
- 18. febrúar 2021 Innri endurskoðun svarar því til að ekki er spurt um kyn í þeirra gáttum



Staðan

- Sumir starfstaðir hafa breytt og eru að vinna að breytingum og því að fá yfirsýn yfir öll sín kerfi og eyðublöð
- Svör og upplýsingar liggja sum staðar ekki fyrir
- Sum svör vekja upp spurningar í tengslum við 29. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna:

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Þá skulu opinberir aðilar leitast við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.



Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa